

Nd.

786. Nefndarálit

um frumvarp til laga um hafnargerð í Ólafsvík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta er komið frá háttv. efri deild og hefir tekið þar nokkrum breytingum.

Þær breytingar eru aðallega fólgnar í því, að skotið er inn í 1. gr. frumvarpsins því ákvæði, að sá hluti kostnaðarins, sem veitist úr landssjóði, verði ekki lagður fram fyrr en fje er veitt til þess í fjárlögum, og að stjórnin samþykki áætlunina.

Í 2. gr. er enn fremur skotið inn því ákvæði, að sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu beri ábyrgð gagnvart landssjóði á því fje, er landssjóður kynni að takast á hendur ábyrgð á fyrir hreppsnefndina í Ólafsvík.

Samkvæmt þeirri venju, sem komin er á um hafnargerðir, er ætlast til, að landssjóður beri einn fjórða hluta hins áætlaða kostnaðar, en þó ekki yfir 175000 kr.

N. P. Kirk verkfræðingur, sem mælt hefir hafnarstæðið og gert áætlun um kostnaðinn, hefir sem sje komist að þeirri niðurstöðu, að verkið muni kosta 700000 kr.

Lýsing á þessari fyrirhuguðu höfn og sundurliðuð kostnaðaráætlun er í nefndarálitum sjávarútvegsnefndarinnar í efri deild um mál þetta, þgskj. 608.

Það getur engum dulist, að hjer er um mjög mikið nauðsynjaverk að ræða, sem æskilegt væri að komist gæti í framkvæmd sem allra fyrst.

Það er alkunnugt, að einhver auðugustu og aflasælustu fiskimiðin hjer við land eru kringum Snæfellsnes. Enda kemur það traúðla fyrir, að ekki sje fiskur á þessum miðum árið um kring.

Sú framþróun, sem orðið hefir hin síðari árin í útgerðinni hjer á landi víðast hvar, hefir gersamlega verið útilokuð á þessu svæði.

Því veldur hafnleysið.

Sjávarútvegur er því nær eingöngu rekinn þarna á opnum bátum, og standa þeir því, sem von er, höllum fæti í samkeppninni, og það því fremur, sem hópur fiskiskipa, bæði útlendra og innlendra, með nýttísku veiðiaðferðum, sækja nú orðið mjög á þessi mið.

Það er því engum vafa undirorpið, að hafnarbót sú, sem hjer er farið fram á að gerð sje, mundi stórum auka framleiðsluna í þessum stöðum og verða hin mesta lyftistöng fyrir hjeraðið.

Og það er álit nefndarinnar, að mesta áherslu beri að leggja á hafnar- og lendingabætur á þeim stöðum, þar sem slíkar umbætur skapa nýja möguleika til stórauðinnar framþróunar í útgerðinni.

En samt sem áður verður nefndin að vera hinni háttv. efri deild sam- mála um það, að eigi sje gerlegt, eins og nú er ástatt, að kveða fastar á um framkvæmd þessa verks en nú er gert í frumvarpinu.

Nefndin vill setja nýtt tryggingarákvæði inn í frumvarpið, um það, að þeim einum sje falin yfirumsjón með framkvæmd verksins og reikningshaldi, sem stjórnarráðið samþykkir.

Þar sem um jafnmikið fje er að ræða, eins og nú er í ráði að verja úr landssjóði til hafnarbóta, og ábyrgð af hálfu landssjóðs, þá virðist það alveg sjálf- sögð öryggisráðstöfun, að landsstjórnin hafi óskoraðan íhlutunarrjett um það, hverjum sje falin yfirumsjón með framkvæmdum og reikningshaldi slíkra stórvirkja.

Nefndin ræður því háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með eft- irfarandi

BREYTINGU.

Aftan við 2. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Tillagið úr landssjóði og ábyrgð landssjóðs er bundið því skilyrði, að yf- irumsjón með verkinu og reikningshaldi sje falin manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

Alþingi, 11. sept. 1919.

Björn Kristjánsson,
formaður.

Pjetur Ottesen,
skrifari og framsögumaður.

Sveinn Ólafsson.

Matth. Ólafsson.

Björn R. Stefánsson.